

C

Q

T

F

1. tbl.
20. árg.
maí
2002



TF3IRA sjakkurinn hefur nú verið endurbyggður frá grunni og er nú mun rúmbetri en áður. Myndina tók TF3GW

Í þessu blaði:

Frá ritstjóra	2
Frá formanni	3
Fundargerðir stjórnarfunda.....	4
Ársreikningur ÍRA 2001/2002.....	5
Örlítill stormsveipur.....	6
Flatey... EU-168 framhald	7
Hitt og þetta um QSL.....	8
Úr ýmsum áttum	15
Aðalfundur ÍRA 2002.....	16

ÍRA er landsfélag Íslenskra Radióamatöra. ÍRA er hin Íslenska deild í alþjóðasamtökum radióamatöra I.A.R.U. og I.A.R.U. Region 1 og norrænu samtökunum N.R.A.U.

Helstu markmið félagsins eru:

- Gæta hagsmuna radióamatöra í hvívetna.
- Efla kynningu og samstarf meðal radióamatöra innanlands og utan.
- Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radióviðskiptum.
- Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.
- Efla amatörradíó sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.
- Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsókna og upgötvana á sviði radiófjarskipta.
- Örva radióþróttir meðal radióamatöra.
- Þróa amatörradíóþjónustuna sem verðmæta þjóðarauðlind.
- Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradíói meðal ungs fólks.

Í stjórn ÍRA 2001-2002 eru:

Formaður: Haraldur Þórðarson TF3HP
Varaform.: Sveinbjörn Jónsson TF3VET
Ritari: Vilhjálmur Í Sigurjónsson TF3VS
Gjaldkeri: Ársæll Óskarsson TF3AO
Meðstj.: Bjarni Sverrisson TF3GB
Varam.: Benedikt Guðnason TF3TNT
Varam.: Valtýr Einarsson TF3VG

CQ TF er félagsblað ÍRA og kemur út fimm sinnum á ári. Útgefandi er: Íslenskir Radióamatórar, ÍRA, Pósthólf 1058, 121 Reykjavík. Ritstjóri og ábyrgðarmaður er: Brynjólfur Jónsson TF5BW, Pósthólf 121, 602 Akureyri.

Félagsheimili ÍRA er í félagsmiðstöðinni Þróttheimum, Holtavegi 11, Reykjavík og eru fundir þar á hverju fimmtudagskvöldi kl. 20.00.

Símanúmer talhólfs ÍRA er 881-2158.

Vefsíða ÍRA er á slóðinni: <http://www.nett.is/~tf5bw/ira/ira.html> og er það að finna ýmsar upplýsingar um félagið og amatörradíó

Skammstöfunin "CQ" er notuð í fjarskiptum til að tákna "kall til allra stöðva" og "TF" eru einkennisstafir Íslenskra radióstöðva.

Allir áhugamenn um fjarskipti og radiótækni sem vilja starfa í samræmi við markmið félagsins geta gerst félagar.

Frá ritstjóra

Brynjólfur Jónsson TF5BW



Sælir félagar og gleðilegt sumar.

Áhugi félagsmanna ÍRA á þessu blaði okkar fer sífellt þverrandi og er nú svo komið að það þarf nánast að berjast eins og ljón fyrir hverju tölublaði. Það fer orðið lengri og lengri tími hjá ritstjóra hverju sinni í það að betla út efni sem gengur sífellt verr að fá.

Ef áfram heldur sem horfir og ekki verða stórbreytingar á þá er þetta síðasta blað af CQ TF sem undirritaður sér um. Mér þykir það helvíti hart að þurfa að gefast upp á þessari útgáfu, eftir 5 ár og 25 tölublöð, en ánægjan sem hefur verið því samfara að sjá um þetta er horfinn og þar af leiðandi engin löngun til að standa í þessu lengur.

Frá mínum sjónarhóli eru þrjár möguleikar í stöðunni:

1. Félagar ÍRA taki sig saman í andlitinu og sjái til þess að nægt efni sé til staðar til hægt verði að halda útgáfunni áfram í því formi sem hún hefur verið undanfarinn 5 ár.


Og ef það gengur ekki

2. Fundinn verði nýr ritstjóri sem nennir að halda þessum vonlausa barningi áfram.

3. Hætta útgáfunni og leggja CQ TF niður.

Kærar þakki til þeirra sem hafa lagt blaðinu til efni í þessi 5 ár.

Brynjólfur Jónsson TF5BW



CQ TF

Blessuð sé minning þess

Frá formanni

Haraldur Þórðarson TF3HP



Ágætu félagar.

Nú um þessar mundir er ný reglugerð um amatöra á Íslandi að koma fram. Það að sætir tíðindum þegar slíkt gerist hér á landi, en sú reglugerð sem við höfum notast við er

frá 1980. Frumdrög frá félaginu voru kynnt P&f fyrir rúmum tveim árum með ósk um endurskoðun og er íraun alveg furðulegt að þetta hafi þurft að takasvo langan tíma.

Þó svo að ekki hafi náðst allt fram sem við fórum fram á hafði gengið fram þá verður að telja að líklega höfum við fengið um 80 prósent af okkar kröfum.

Til dæmis hvað varðar starfsemi nýliða en þar var nánast komið að fullu að óskum okkar bæði afl og möguleika þeirra á tíðnum en þeir fá að nota öll HF böndin og einnig því til viðbótar 50 Mhz og 144 til 146 á VHF. Persónulega finnst mér þetta vera mesta framförin og líklega þess vegna sem ég tel það upp fyrst. Aukning á 160 metrum frá 1.900 Mhz að 2.000 Mhz er einnig þarna inni, einnig er nýr möguleiki hvað varðar sendingar á 137 khz en þar erum við í öðru sæti hvað varðar nýtingu.


Sú nýjung hvað varðar lærlingastarfsemi fékkst fram að nokkru en því miður ekki alveg eins og við hefðum helst kosið. Aukning á afli fékkst fram og nú getum við notað allt að 1000w PEP þ.e. G-leyfishafar en til einföldunar var nöfnum leyfisflokka endurraðað og þeir sendur skírðir. A og B fellur úten í þess staðkemur G-leyfisflokkur sem vísar til General class. N leyfi fær eins og ég hef talið upp hér að framan talsverða breytingar en T leyfi verður að mestu eins, fær þó heimild til aukins afls.

Ég hef átt nokkra fundi með framkvæmdarstjóra ÍTR varðandi framtíðaraðstöðu fyrir ÍRA og nú er komið í ljós að við getum fengið inni í húsi þeirra á gamla Skeljungssvæðinu á Skeljanesi. Það rými sem okkur stendur til boða er herbergi á efstu hæðinni passlegt fyrir tækjaherbergi, (Talsvert

minna en það sem við höfum í Þróttheimum en góð aðstaða í eldhúsi og setustofu., væntanlega einnig fundarsalur sem hægt verður að nota sem kennslustofu. Aðstaða fyrir loftnetsturn er fyrir hendi og einnig til þess að setja upp vírloftnet.

NARU ráðstefnan verður hér í sumar. Nú er ljóst að öll hin norðurlöndin hafa samþykkt að mæta hér 23 til 25 ágúst n.k Ráðstefnan sjálf verður að landbúnaðarháskólanum að Hvanneyri en þar er allt sem við þurfum að nota til staðar á mjög hæfilegu verði. Kostnaður ÍRA við þinghaldið tekur aðeins til kvöldverðar á laugardagskveldi en fjáröflun til þess verkefnis er að fara af stað og hvet ég alla sem geta lagt okkur lið að hafa samband.

Haraldur Þórðarson TF3HP



Fundargerðir stjórnarfunda

Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS



Fundur í stjórn ÍRA 8. 1. 2002 kl. 20:30að Gunnarsbraut 36

Mættir eru TF3HP, TF3GB, TF3AO, TF3VS ásamt varamönnum TF3VG og TF3BNT

1. Gjaldkeri greindi frá fjárhag félagsins eftir á r a m ó t a u p p g j ö r ,

þökkalega hefði gengið að rukka og væri hann því bærilegur og um 200.000 í sjóði.

2. Bréf hefur borist frá Gústavi Arnar fyrir hönd Póst- og fjarskiptastofnunar þar sem hann greinir frá fyrirætlunum um að stofnunin verði tilbúin með drög að nýrri reglugerð fyrir radíóamatöra um miðjan janúar. Verði þau drög þá grundvöllur að viðræðum milli stofnunarinnar og ÍRA. Ritara falið að svara og þakka viðbrögð.

3. Ákveðið að halda almennan félagsfund í lok janúar eða byrjun febrúar þar sem yrðu kaffiveitingar. Talið er rétt að bjóða líka gestum, t.d. þeim starfsmönnum Pof sem við höfum samskipti við, auk starfsfólks Þróttheima.

4. Formaður greindi frá þeim sorgartíðindum að banaslys hefði orðið við Stokkseyri og hefði fjölskyldumeðlimur að Baugsstöðum látist. ÍRA hefur nú um nokkurt árabil verið í góðum samskiptum við Sigurð bónda á Baugsstöðum sem hefur forræði vitans með höndum og verið greiðvikinn varðandi hina árlegu vitahelgi. Ákveðið að senda Sigurði samúðarskeyti.

5. Hjalti Jóhannsson loftskammtamaður hefur komið að máli við formann og óskað liðsinnis við að fá skírteini radíóamatörs. Erindinu tekið fagnandi og ritara og formanni falið að sjá um að senda umsókn til Pof.

Formaður sleit fundi um kl. 22:30

Fundargerð ritaði TF3VS

Fundur í stjórn ÍRA 14. 1. 2002

að Lækjasmára kl 21:00

Allir stjórnarmenn mættir auk varamanna

1. Formaður tjáði fundinum að fyrirspurn hefði borist um það hvort ÍRA gæti tekist á hendur námskeið fyrir börn, í tengslum við verkefni sem kennt er við „bráðger börn”. Líklega yrði um að ræða 12 börn, sem hefðu sýnt áhuga á radíótengdu námi og stæðu námskeiðin í 4-6 vikur. Formaður greindi einnig frá því að hann hefði rætt við forsvarsmenn Radíóskáta og væru þeir reiðubúnir

til samstarfs um verkefnið. Samþykkt að taka þátt í þessu og voru TF3VG og TF3TNT tilnefndir í undirbúningsnefnd og umsjón.

2. Rætt um fyrirhugaðan kaffifund. TF3A hefur tekið að sér að halda stutta tölu á fundinum og segja frá fyrstu árum í starfi félagsins. Salur Þróttheima er til reiðu þ. 2. feb. og er ráðgert að bjóða til sæta kl. 15:00 en opna húsið kl. 14:00. TF3VS og TF3TNT taka að sér að útbúa boðskort til sendinga.

Fundi slitið kl. 22,

fundargerð ritaði TF3VS

Stjórnarfundur í ÍRA 5. 2. 2002 að Gunnarsbraut 36 kl. 20:30. Mættir TF3HP, TF3AO, TF3GB, TF3VS og TF3VG

1. TF3GB sagði frá samráðsfundi með Póst- og fjarskiptastofnun. Frá stofnuninni voru Gústav Arnar, Guðmundur Ólafsson og einn starfsmaður til, en frá ÍRA voru TF3GB, TF3DX og TF3KX. Lögð voru fram drög af hálfu Pof og voru þau rædd. Starfsmenn stofnunarinnar þóttu all-jákvæðir, og var næsti fundur boðaður nk. þriðjudag.

2. Kaffifundur ÍRA þótti takast nokkuð vel, en var þó nokkuð fámennur.

3. Verkefni með „bráðgerum börnum” er frestað vegna fjárskorts, en gæti orðið seinna og verður ÍRA þá til taks.

4. Rætt um framkvæmdir í Þróttheimum, og ákveðið að ljúka ýmsum smáverkum í eldhúsi nk. fimmtudagskvöld.

Fundi lokið kl. 22:00

Fundargerð ritaði TF3VS

Fundur í stjórn ÍRA 19. 3. 2002 að Gunnarsbraut 36 kl. 21:00

TF3HP, TF3GB, TF3VS auk TF3VG og TF3TNT mættir. TF3AO boðaði forföll.

1. Rætt um not almennings af 70sm bandinu og möguleika á að vekja áhuga unglunga á amatör-radíói. Athuga nánar möguleika og ræða síðar.

2. Bedið hefur verið eftir færi á að komast í turninn til viðgerða um nokkurt skeið. Ákveðið að efna til vinnudags við hann nk. laugard. kl. 14, ef viðrar.

3. Töluverðar viðræður hafa verið á milli formanns og forstjórna ÍTR um nýtt húsnæði. Nokkuð vænlegt húsnæði gæti staðið til boða í Skerjafirði. Ritari lagði fram drög að bréfi þar sem sótt er formlega um aðstöðu þar og var efni þess samþykkt.

Framhald á síðu 14.

Ársreikningur ÍRA 2001/2002

Ársæll Óskarsson TF3AO gjaldkeri ÍRA

Rekstrarreikningur 01.04.2001 - 31.03.2002

Tekjur:

Félagsgjöld	332.502.00
Vaxtatekjur	32.465.74
Aðrar tekjur	30.437.41
Tekjur samtals	<u>395.405.15</u>

Gjöld:

Húsaleiga	40.000.00
Bankakostnaður, bókhaldskostnaður	2.798.00
Póstkostnaður	37.416.00
Rekstur félagsstöðvar	100.123.00
Erlend félagsaðild	14.411.00
Kaffi og meðlæti	15.584.00
Fjármagnstekjuskattur	62.00
Ljósritun/pappír	19.242.00
Minningargjafir	1.000.00
Annað	7.000.00
Gjöld samtals	<u>237.636.00</u>

Tekjur umfram gjöld **157.769.15**

Efnahagsreikningur 31.03.2002

Eignir:

Bankainnistæður	208.095.15
Verðbréfaeign	438.240.00
Áhöld, tæki og húsbúnaður	529.451.00
Eignir samtals	<u>1.175.786.15</u>

Skuldir og eigið fé

Skuldir:

Skuldir	0.00
Skuldir samtals	<u>0.00</u>

Eigið fé:

Höfuðstóll frá fyrra ári	1.018.017.00
tekjur umfram gjöld	157.769.15
Skuldir og eigið fé samtals	<u>1.175.786.15</u>

Með fyrirvara um samþykki skoðunarmanna reikninga
Ársæll Óskarsson TF3AO

Örlítill stormsveipur

Níels J. Kristjánsson TF3NJ/VA6NJ



Sælir félagar.

Þar sem undirritaður er ævinlega heillaður af einfaldleikanum og áhugasamur um hverskonar heimasíði væri ekki úr vegi að

fjalla örlítið um "örlítinn stormsveip" sem hefur náð nokkurri fótfestu hérna vestan Atlansála. Þessi gripur er örlítill sendi/móttakari smíðaður á prentplötu sem er ekki nema um 4.5 X 3 sm. Englendingar voru fyrst að fíka við þessa hugmynd, 1983 er fyrst talað um þennan grip sem FOXX (sjá tímarit G-QRP, SPRAT #35 bls.13) og síðan hefur hugmyndin gengið undir nokkrum nöfnum eins og t.d. Micro og Pixie 2 og er núna til sem "kit" undir nafninu "Tiny-Tornado" sem mætti útleggjast sem örlítill stormsveipur. Hugmyndin er krystal stýrður Colpitts sveiflufaki, með einum transistor, útgangsmerkið





frá honum fært að öðrum transistor sem gegnir tveimur hlutverkum. Í fyrsta lagi að blanda merki sem kemur frá loftneti við sveiflufaka merkið og í öðru lagi, þegar sendirinn er lyklaður, sem útgangsmagnari.

Valhæfni móttakara hlutans er ekki mikil og takmarkast af lágheypisúnni fyrir sendi hlutann, næmnin er furðu góð og eins og nærri má geta er

gripurinn aðeins fyrir CW. Ég nota venjulega 9 Volta rafhlöðu við minn stormsveip sem er á 20m (14060 kHz) og er sendiorkan u.þ.b. 150 mW. Náðst hafa sambönd sem eru vel yfir 1000 km og fengið góð ummæli, er merkið hreint og laust við hverskonar óhljóð. Ég hef ekki enn getað notað gripinn við Quad loftnetið góða vegna þess að það er miðbylgjustöð hér á 1140 kHz sem kemur vaðandi í gegn og heyrst ekkert annað á meðan. Noti ég Zepp loftnetið gegnum "tuner" þá hreinsast merkið og miðbylgjan heyrst ekki svo ég þarf greinilega að endurbæta móttökuhlutann þ.e. síuna. Hægt er að hnika kristalnum í sveiflufakanum til á tíðninni með litlum trimm þétti en aðeins um +/- 1-2 kHz. Um hljóðmögnunina sér lítil hljóðmagnara rás (LM386) sem er nóg til að keyra lítil vasadískó heyrnartól. Ekki er neitt styrkstíll og ef merki eru sterk er bara að færa heyrnatólið fjær hlustinni. Sá sem hefur markaðsett þetta "kit" heitir Brice D. Hornback, KA8MAV, og hefur stofnað félagsskap sem heitir QRPp og er hægt að kíkja á heimasíðuna: www.qrpp-i.com Á þessari síðu er að finna teikningu af Tiny-Tornado og einnig hvernig prentplatan á að vera, "kittið" er hinsvegar uppselt og er það í annað skiftið sem það skeður, augljóslega vegna mikillar eftirspurnar.

Framhald á síðu 14



Flatey... EU-168 framhald

Guðlaugur K. Jónsson TF8GX



Framhald.

Norby hafði ákveðið fyrir ferðina að DL8DXL yrði kokkurinn í ferðinni, en þar sem þeir voru ekki vanir að matreiða fisk, þá tók ég að mér kokkshlutverkið.

Höfðu þeir aldrei smakkað svo góða fiskrétti sem þeir fengu í Flatey, benti ég þeim á að ef fiskurinn væri Íslenskur þá væri hann örugglega góður! (Þetta mun hafa aukið töluvert fisksölu Íslendinga í ON, DL, og LX landi)

Ég reyndi að veiða í frítímum en varð ekkert var, spurði ég bóndann hversu bæri að sæta, sagði hann að ég reyndi á röngum stað.

Fór ég þá á stað sem hann benti mér á en það var alveg sama sagan, bara þari, en þarasúpa var ekki á matseðlinum svo ég gafst upp að lokum.

Á sunnudaginn 16 sept. fór ég á 14.330 í von um að hitta TF strákana, og náði ég sambandi við TF8SM, TF3KM, TF3TF og TF3VS, en þeir höfðu haft QSO við 4W6MM rétt á undan.

Finnur, TF4FT kom síðan á mánudeginum, og var með mat meðferðis sem reddaði síðasta deginum. (ég var alveg viss um að ég gæti veitt í minnst eina máltíð)

Finnur var góð viðbót við hópinn, fróður um staðinn og gat sagt okkur sögur og frætt okkur frekar um Flatey, því enginn af okkur hinum

hafði komið út í Flatey áður, og gott var að geta talað móðurmálið aftur, mér var farið að líða eins og í útlöndum. TF3GC bættist í logginn og TF3FK daginn eftir.

Rúlluðum við inn óhemju af JA's næstsíðasta daginn einstaka VK og ZL slæddust með, og á miðvikudags morgun var bímið enn á Japan og síðasta stöðin í logginn, um kl. 11:15 var BD4XYL. Tæplega 13.000 sambönd enduðum við með.

Nú var tekið til að pakka saman með hasti, því að ferjan átti að koma kl.14:00. Við höfðum talað við stýrimanninn um að taka okkur með þennan dag til Stykkishólms. Allt gekk það ljómandi, og bónda frúin kom á traktorum, bóndinn hafði skroppið upp á land.

Þegar við vorum að stafla í gáminn sáum við að ferjan var að koma, en hvað var nú þetta ??? Ferjan stefndi ekki inn til Flateyjar !!! Hann hefur gleymt okkur !!!! Ég og Finnur tókum á sprett upp eyjuna til frúarinnar og spurðum hvort hún gæti hringt í ferjuna og fengið hana til að snúa við, hún hringdi, og stýrimaðurinn sagði að hann væri á leiðinni en hann yrði bara að taka suður innsiglinguna vegna fjörunnar!

Jæja, maður hafði nú kannski gott af sprettinum eftir alla setuna við radióið Stýrimaðurinn tók glottandi á móti okkur, hefur sennilega séð viðbrögðin í landi. Heimferðin gekk nú áfallalaust og voru allir ánægðir með ævintýrið og fóru glaðir heim.

73 Gulli, TF8GX



Hitt og þetta um QSL

Brynjólfur Jónsson TF5BW



Fljótlega eftir að amatörleyfið er fengið þarf að leiða hugann að því hvort safna eigi QSL kortum eða ekki.

Aðallega eru þau notuð til að sækja un hin ýmsu awörd sem amatörum standa til boða. En þó svo að þau séu ekki notuð til slíkra hluta þá eru margir amatörar sem hafa áhuga fyrir

því að eiga kort frá framandi stöðum til að skreyta sjakkinn, til minningar um eftirminnilegt QSO eða bara til að ganga í augun á vinunum. Margir amatörar ákveða að safna ekki QSL kortum annað hvort af kostnaðarástæðum eða áhugaleysi. Það er þó einfaldara að hætta söfnun korta en að byrja eftir að hafa verið í loftinu í einhver ár. Það hefur verið og er mikil umræða um þörfina á því að skiptast á QSL kortum nú á dögum tölvupósts og Internets. Þessi umræða mun halda áfram en svo lengi sem stærstu amatör awörðin eins og t.d. DXCC og IOTA krefjast þess að QSL kort fylgi umsóknum munu QSL kort, í einhverju formi, verða til.

Skipst er á langmestum fjölda QSL korta í gegnum QSL stofur hinna ýmsu landssamtaka amaöra eins og t.d. ARRL, RSGB, REF, EDR, ÍRA o.s.frv. Þessi tilhögun hentar vel milli landa í hinum þróaða heimi. Reksturinn á þessum QSL stofum er mismunandi en oftast þarf að greiða sérstakt gjald fyrir hvert sent kort eða einhverja ákveðna þyngd, til viðbótar félagsgjaldi í viðkomandi félagi. Þó eru til félög, eins og t.d. RSGB, þar sem notkun QSL stofu er innifalinn í félagsgjaldi. Það er þó ein af staðreyndum lífsins að margar DX stöðvar eru í þriðjaheimsríkjum og þær hafa jafnvel ekki aðgang að QSL stofu eða vilja ekki standa í því að skrifa út hauga af QSL kortum. Í tilfellum sem slíkum og vegna þarfa annarra amaöra um skriflaga staðfestingu á sambandi fá þær sér gjarnan QSL stjóra, venjulega í landi þar sem traust og örugg póstpjónusta er.

Harðri gagnrýni hefur réttilega verið beint að mjög litlum hluta DX stöðva og QSL stjóra sem virðast láta stjórnast af hreinni og klárri græðgi. Þetta fólk heimtar stundum greiðslur langt umfram eðlilegan póstkostnað, neitar að nota QSL stofu kerfið, svara ekki sé sent meira en eitt kort í umslagi eða bara hreinlega svara ekki. Þessir aðilar eru síðferðislegt vandamál í DX samfélaginu og menn geta kvartað eins og þeir vilja en venjulega er eina leiðin til að fá kort frá þessum aðilum að fara eftir þeirra reglum. Fyrir utan að hafa samband við aðra stöð í viðkomandi DXCC svæði eða IOTAeyja flokk

(það er þó ekkert víst að sá möguleiki sé fyrir hendi) er það eina gagnlega sem maður getur gert að birta kallmerki viðkomandi eins víða og hægt er í von um að við séum ekki að eyða kortum og peningum í tapaðan málstað.

Síðareglur QSL-stjórnunar.

Eftirfarandi síðareglur fyrir QSL stjórnun voru teknar upp af IARU Region 2 ráðstefnu í Curacao 1992 og eru byggðar á tillögum RSGB til IARU Region 1 rástefnu 1990.

1. Allar DX stöðvar sem skipa sér QSL stjóra verða að tryggja að viðunandi tilhögun til móttöku og svörun QSL korta sem berast um QSL stofu eða beint í pósti sé til staðar.
2. QSL stjórar verða að svara hlustkortum.
3. Allar DX stöðvar sem skipa sér QSL stjóra verða að bera ábyrgð á starfsemi hans.
4. QSL stjóri verður að svara beint og innan viðunandi tíma hafi næg greiðsla / IRC's / frímerki borist til að standa nákvæmlega undir póstkostnaði (og umslagi hafi það ekki fylgt). Nota skal flugpóst hafi næg greiðsla til þess fylgt.
5. QSL stjórar mega ekki fara fram á sér umslag fyrir hvert QSO eða stöð. Þeir verða að koma sér upp reglum sem taka á slíkum fjölumsóknum.
6. Þekkt er að mistök í tíma og dagsetningu koma oft fyrir og verða QSL stjórar að gera hæfilega leit að þeim samböndum sem ekki finnast strax í dagbókinni.
7. Það er óásættanlegt að fara fram á ákveðin fjölda IRCa eða dollara þegar færri þarf til að standa undir kostnaði sem nefndur er í lið 4.
8. Það er óásættanlegt að senda kort í QSL stofu ef þau eru móttækin beint og næg greiðsla fylgir eins og skilgreint er í lið 4.
9. Það eiga ekki að vera nein tímatakmörk á kortaumsóknum. Gömlum dagbókum á að koma til áreiðanlegs DX klúbbs þegar QSL stjórninn vill ekki varðveita þær lengur.

Það er mikilvægt að gera greinarmun á amatör sem búsettur er á DX staðnum og DX leiðangri sem farin er á (hugsanlega) óbyggða eyju eða DXCC svæði.

Amatörinn sem búsettur er á svæðinu og QSL stjóri hans hafa venjulega ekki áhuga fyrir öðru en standa straum af prentkostnaði QSL korta, póstkostnaði o.s.frv. Af þessari ástæðu er ekki óeðlilegt að senda

með auka IRC eða nokkrar krónur (dollar). DX leiðangur, sérstaklega ætlaður til að koma í loftið mjög eftirsóttum DX stað, er allt annar hlutur sem kostar umtalsverða fjármuni að skipuleggja og framkvæma. Venjulega leita skipuleggjendur eftir fjárhagslegum stuðningi í formi tækja eins og t.d. fá Yaesu, Kenwood eða Icom og í formi peninga frá hinum ýmsu samtökum amátora eins og NCDXF, CDXC, EuDXF o.s.frv. Þessi stuðningur stendur þó aldrei að fullu undir kostnaði við leiðangurinn og það sem uppá vantar verða þátttakendur sjálfir að leggja til eða koma frá afgangi peningum frá QSL ferlinu. Enginn DX leiðangur, með sjálfsvirðingu, vill láta saka sig um að krefjast gjalds fyrir QSL kort en það er ekki ósannjarnt að vænta þess að þú látir af hendi smá framlag (e.t.v. nokkra auka dollara) umfram það sem raunverulegur póstkostnaður er. Þeim mun fleiri sambönd sem þú hefur við leiðangurinn því stærra ætti framlagið að vera. Það er eitt af aðal markmiðum QSL stjóra leiðangursins og nokkuð sem hann á ekkert að skammast sín fyrir að ná sem mestu inn um leið og hann uppfyllir sanngjarnar kröfur þeirra sem þurfandi eru.

IRC

Ein þægilegasta leiðin til að ná QSL kortinu sem þig vantar svo mjög og sérstaklega frá DX stöðvum eða QSL stjórum er að nota Alþjóða svarmiða eða IRC. Því miður eru allskonar goðsögur og rangar upplýsingar á kreiki um hvað sé og hvað sé ekki "rétt" stimplaður og gildur IRC, sem fer oft eftir mismunandi túlkun póst yfirvalda hinna ýmsu landa. Hér verður gerð tilraun til að koma þessu á hreint.

IRC er hlutur sem einhver getur keypt í einhverju meðlimalandi Universal Postal Union (UPU) og notað sem greiðslu fyrir svarsendingu af ákveðinni hámarks þyngd með flugpósti í öðru UPU landi. Þegar þetta er skrifað á að vera hægt að nota IRCa, fræðilega að minnsta kosti, í öllum löndum nema Taiwan. Meðlimalönd UPU geta ákveðið að selja ekki IRCa en þau eru skyldug til að skipta þeim fyrir



Mynd 1. Bakhlíð IRC, með texta á Þýsku, Ensku, Arabísku, Kínversku, Spænsku og Rússnesku. **CQ TF maí 2002**

frímerki eftir sem áður.



Mynd 2: Eldri útgáfa af "C22" gerð IRC.



Mynd 3: Nýrri gerð IRC, CN01, þar sem orðið "flug" kemur í staðin fyrir "yfirborðs".



Mynd 4: Nýrri útgáfan af C22 þar sem orðið "flug" er einnig notað.

Það eru þrjár gerðir IRCa sem eru mest í gangi. Það eru tvær útgáfur af C22 gerðinni og nýrri gerð CN01 (gamall C22). Textinn á framhliðinni er eingöngu á frönsku en þýðingar á ensku, arabísku, kínversku, þýsku, rússnesku og spænsku á bakhliðinni. (Mynd 1). Á fyrri útgáfum af C22 (Mynd 2) sem var í sölu þar til á fyrrihluta níunda áratugarins (og er enn í gangi) stendur "Þessi seðill er skiptanlegur í öllum löndum Universal Postal Union fyrir eitt eða fleiri frímerki fyrir óskráð bréf sent með yfirborðspósti til erlends lands". Á nýrri útgáfum eins og CN01 (Mynd 3) og af C22 (mynd 4) stendur sama lesningin fyrir utan að í staðin fyrir "yfirborðspósti" stendur "flugpósti".

Nýr IRC

Hinn vel þekkti CN01 var í sölu til 31. desember 2001. 1. janúar 2002 var ný gerð af IRC kynnt til sögunnar, einnig þekkt undir heitinu CN01. Þessi nýja gerð af IRC er stærri en fyrirrennarar sínir og mun verða í gildi til 31. desember 2006. Nafn útgáfulands mun verða prentað á miðana sem regla. Einnig mun verða prentað á þá m.a. staðlað UPU strikamerki með ISO kóða landsins og dagsetningu prentunar. Póstyfirvöld hvers lands munu eiga möguleika á að prenta söluverðið á miðann.

Það eru, eins og er, engin fræðileg tíma takmörk á því hvenær hægt er innleysa IRCa. Póstafgreiðslufólk getur þó athugað gildi þeirra og er ekkert óeðlilegt við það sérstaklega þegar um eldri útgáfur er að ræða. Mín reynsla er sú að sé miðinn rétt stimplaður eru báðar gerðir teknar athugasemdalaust í skiptum fyrir lágmarks flugpóstgjald. Þetta gæti átt eftir að breytast í ljósi nýrrar gerðar af CN01.

IRCa er hægt að kaupa í flestum pósthúsum fyrir u.þ.b. 160.00 kr. Og útgáfupósthúsið má handstimpla þá í reitinn vinstramegin. Þessi reitur er merktur “Empreinte de controle du pays d'origine (facultative).” Þetta þýðir eitthvað á þessa leið “Þjónustustimpill útgáfulands (valfrjálst)”. Sumir IRCar eru með nafn útgáfulands forprentað með rauðu í vinstri reitinn. (Mynd 5).



Mynd 5: Sumir IRCar eru með heiti útgáfulands forprentað í vinstri reitinn.

Jafnvel þó að þessar forprentuðu upplýsingar séu fyrir hendi þá getur verið handstimpill útgáfulandsins yfir prentununa. Öfugt við það sem almennt er álitð þá er þessi handstimplun útgáfu pósthúss eða yfirprentun útgáfulands valfrjáls og vöntun á þessu smáatriði ógildir ekki IRC miðann. Ef allt væri eins og best yrði á kosið á þessi handstimplun að sýna útgáfudagsetningu en það er þó ekki grundvallaratriði. Af einhverjum óþekktum ástæðum þá hafa IRCar gefir út í Frakklandi ekki alltaf útgáfudagsetningu heldur aðeins nafn útgáfupósthúss (Mynd 6).

Þegar skipt er á IRCa og frímerki á móttökupósthúsið, lögum samkvæmt, að dagstimpla í hægri reitinn. Þetta er algert skilyrði til

að gera IRCan gildan. Þessi reitur er merktur “Timbre de bureau qui effectue l'échange”. Þetta þýðir eitthvað á þessa leið “Stimpill pósthúss þar sem skiptin eru framkvæmd”. Á Íslandi er hægt að skipta einum IRC fyrir 80.00 kr. virði af frímerkjum.



Mynd 6: IRCar útgefnir í Frakklandi eru með nafn útgáfupósthúss í vinstri reitnum en ekki alltaf útgáfudagsetningu.

Miðjureiturinn er ætlaður til að sýna söluverð IRCans og er merkt “Prix de vente (indication facultative)”. Þetta þýðir “Söluverð (valfrjálsar upplýsingar). Pósthúsið má setja frímerki í þennan reit en aðeins til að sýna eða koma í staðin fyrir upplýsingar um söluverð (Mynd 7), en ekki dagsetningarstimpil eins og á að nota í vinstri reitinn. Verð IRCa í Bandaríkjunum hækkaði nýlega úr 1.05 dollurum í 1.75 dollara og Bandaríska pósthjónustan er að klára gömlu birgðirnar með því að bæta við frímerkum upp í þá upphæð. Í mörgum löndum er verðið forprentað, oftast með rauðu, en í öðrum er það ekki gert. Hvoru tveggja er í lagi. Því miður er það ekki óalgengt, í mörgum löndum, að póstafréiðslufólk þekkir ekki reglurnar og stimplar því rangan reit eða stimplar IRCann alls ekki og neitar að taka við honum sem greiðslu fyrir frímerki hvort sem hann er rétt stimplaður eða ekki. Opinber stefna UPU er sú “að ef IRC er rangt stimplaður þarf að skoða gildi hans í hverju tilviki fyrir sig”. Hins vegar er



Mynd 7: Frímerki má líma á IRCann til að sýna viðbót við áprentað söluverð.

eðlilegt að álíta að óstimplaður eða rangt stimplaður IRC sé almennt verðlaus og undir öllum venjulegum kringumstæðum sé ekki hægt að skipta honum fyrir frímerki. Staðbundnar og óopinberar undantekningar eru þó til frá reglunum en reiknið þó ekki með að QSL sent beint komi til baka ef þið notið svoleiðis IRC. Sýnishorn af hugsanlega ógildum IRCum eru sýnd á Mynd 8 og Mynd 9.



Mynd 8: Hugsanlega ógildur IRC.



Mynd 9: Annar hugsanlega ógildur IRC. Bæði þessi og sá á mynd 8 eru stiplaðir á rangan stað.

Sumar pósthjónustur eins og t.d. sú Þýska fara fram á að það sem senda á sé rétt yfir afgreiðsluborðið samtímis og IRCinn og skipta ekki á IRCum og frímerkjum öðruvísi.

Til að gera ráð fyrir gengisbreytingum, þjónustugjöldum og þessháttar þá er söluverð nýrra IRCa yfirleitt um 70% hærra en það sem fæst fyrir þá í skiptum fyrir frímerki. Söluverðið er ákveðið af viðkomandi pósthjónustu en má þó ekki vera minna en alþjóðlega ákveðið lágmark. Fyrir IRC sem kostar nýr 1.75 dollara í Bandaríkjunum fæst aðeins 80 senta virði af frímerkjum. “Notaðir” IRCar eru seldir manna á milli í Bandaríkjunum fyrir 1.00 dollara stykkið.

QSL stjórar tína yfirleitt úr rangt stimplaða IRCa og bjóða til sölu rétt stimplaða og gilda “notaða” IRCa. Slíkir “notaðir” IRCar fást oft hjá Breskum QSL stjórum fyrir um 55p stykkið. Þessir IRCar dreifast víða innan amatörsamfélagsins sem “amatörpeningar” án þess að vera nokkurn tíma

innleystir fyrir frímerki og það er ekki óalgengt fá IRCa með nokkurra ára gömlum dagstimpli. Á Mynd 10 og 11 má sjá IRCa frá 1969 og 1963 og eru þeir enn í gildi.



Mynd 10: IRC útgefinn 1969 ennþá gildur og var notaður nýlega eftir að hafa verið í gangi sem “radióamatör peningar” í yfir 30 ár.



Mynd 11: Annar eldri IRC síðan 1963.

Smá vandamál get komið upp þegar ákveða á hvað marga IRCa á að senda með beiðni um QSL kort frá DX stöð þar sem skilgreining “lágmarks burðargjalds” er breytileg milli póstyfirvalda.

Í Bretlandi þýðir þetta núna 20 grömm til Evrópu lands eða 10 grömm til lands utan Evrópu. Í Bandaríkjunum þýðir þetta 0,5 únsur til landa utan Norður Ameríku. Aðrar reglur gilda t.d. í Þýskalandi og Japan. Á Íslandi kostar 80.00 kr. Að senda 20 gramma bréf á A pósti til landa utan Evrópu en 55.00 kr. til landa innan Evrópu. Besta aðferðin er að senda að lágmarki einn IRC ef þig vantar eitt kort frá stað innan sömu álfu og þú ert í og að lágmarki 2 IRCa ef þig vantar eitt kort frá stað utan þeirrar álfu. Ef þú hefur meira en eitt QSO eða þarft meira en eitt kort þá er rétt að fjölga IRCum í samræmi við það á þeirri forsendu að eins til tveggja síðu kort vegur u.þ.b. 5 grömm og fjögurra síðu kort um 10 grömm. Ef þú ert í vafa þá sendu auka IRC.

Aðrir valkostir en IRC.

Niðurstaða alls þessa er að IRCar séu ekki

sérstaklega góð fjárfesting einkum séu þeir eru keyptir á pósthúsum og jafnvel ekki séu þeir keyptir “notaðir”. Þú getur ekki verið alveg viss um að við þeim verði tekið í skiptum fyrir burðargjald í hinu erlenda landi.

Þess vegna nota margir Bandaríska dollara (oft kallaðir “græn frímerki” eða “green stamps”) í staðin. Þumalfingur regla segir að það kosti álíka mikið að kaupa einn dollar og einn IRC. Þó að það sé kannski ekki eins auðvelt að kaupa dollar og IRC þá er hægt að kaupa þá í flestum bönkum og gjaldeyrisskiptistöðum fyrir smá auka gjald. Sumir Breskir QSL stjórnar bjóða til sölu afgangsdollara fyrir um 70p stykkið.

Almennt vilja allir QSL stjórnar frekar fá dollara en IRCa þar sem hægt er að breyta þeim í peninga frekar en frímerkjum. Og þrátt fyrir allt eru fáir líklegir til að halda því fram að eins dollars seðill sé ógildur. Hinsvegar er nýja eins dollars myntin og seðlar frá öðrum löndum en Bandaríkjunum upp á lágar upphæðir sérstaklega óvelkomnar einfaldlega vegna þess að slíkir seðlar eins og t.d. 1000 Ítalskar lírir eða 25 Austurrískir schillingar eru svo verðlitlir að það er ekki hægt að skipta þeim í bönkum og eru þeir því verðlausir fyrir QSL stjórnann. Kortabeiðnum sem slíkur gjaldmiðill fylgir er stundum svarað í gegnum QSL stofu (með eða án peningana) ásamt útskýringu, Margar stöðvar, sérstaklega í Austur Evrópu, senda mynt eða notuð frímerki frá þeirra eigin landi með kortum sínum. Jafn vel þó að QSL stjórnin sé áhugasamur frímerkjasafnari (og á þess vegna líklega fullt af samskonar frímerkjum) þá er þetta ekki leið til að vera viss um öruggt svar. Ef þú vilt senda frímerkt umslag undir svarið þá er gott að kanna hvað lágmarks burðargjald er frá landi QSL stjórnans til þín og láta fylgja með lausaukafrímerki fyrir aðeins hærri upphæð í umslaginu með QSL kortinu. Póstburðargjöld breytast ört og með þessari aðferð hefur þú, jafnvel þó þú sendir ranga

þessari aðferð hefur þú, jafnvel þó þú sendir ranga upphæð eða svarið til þín fer framúr hámarksþyngd, þá hefur þú sent með nægt burðargjald. Ef ekki þá hefur gefið smávegis og QSL stjórnin getur notað auka frímerkin til að senda á QSL stofu eða eitthvað slíkt. Munið að nota eingöngu frímerki frá því landi sem QSL stjórnin býr í en ekki ykkar eigin landi.

Sumir QSL stjórnar segja opinberlega að þeir munu ekki svara beint öðrum kortum en þeim sem fylgir IRC eða dollar. Sumir senda kortið til baka um QSL stofukerfið aðrir ekki.

Verið varkár með að senda gjaldeyri til sumra landa eins og t.d. Indlands þar sem það er hreinlega ólöglegt að eiga slíkt. Notið frekar IRCa undir slíkum kringumstæðum. Sendið aldrei ávísanir til erlends lands nema að hún sé stíluð á þarlandan banka í gjaldmiðli landsins.

Ákvarðanir.

Jæja eftir að þú hefur ákveðið að safna QSL kortum, hvenær áttu þá að reiða þig á QSL stofuna og hvenær áttu að senda kortin beint?

Almennt séð og í hinum þróaða hluta heimsins eru skipti á QSL kortum gegnum QSL stofur þokkalega áreiðanleg. Ef þú nauðsynlega þarft kort frá einhverri stöð vegna þess að þetta er kannski fyrsta sambandið við viðkomandi land, skrifaðu þá eitthvað um það á kortið. Annars munu margar stöðvar ekki senda svar. (Þetta á kannski ekki við um TF) Eitt af mínum persónulegu áhugamálum er að safna kortum fyrir US Counties awardið á CW og fjöldi þeirra stöðva sem neitar að senda kort í gegnum QSL stofu kerfið, vegna kostnaðar, kemur mér sífellt á óvart.

Vissulega, ef þú er að gagna virkur á HF böndunum, máttu reikna með töluverðu af QSL kortum frá venjulegum samböndum. Það er alveg ljóst að mjög margar stöðvar, sérstaklega í Vestur Evrópu,

senda kort gegnum QSL stofu fyrir hvert einasta samband sem þær hafa, einkum í keppnum. Á þessum kortum er, ef þú lest þau vandlega, oft ekki beðið um svar. Á sumum þeirra stendur meira að segja. Ég er eindregið á mót þeim stöðvum þar sem bókhaldið er svo lélegt að þær senda kort til staðfestingar á því korti sem þær upprunalega báðu um! Ég er einnig á mót því að senda kort fyrir 100% sambanda gegnum QSL stofu kerfið. Reynsla og tölfræði segir að um 50% af slíkum kortum eru aldrei tekinn og gera lítið annað en að stífla QSL stofu kerfið og eyða



Nýjasta gerð af CN 01 IRC

Þannig tíma fjölda fólks til einskis. Til dæmis, síðan 1998, hef ég aðeins staðfest um 65% af þeim samböndum sem 9M0C leiðangurinn til Spratly eyjar hafði með því að svara aðeins innkomnum kortum annað hvort í gegnum QSL stofu eða beint. QSL stofu kerfið er of sakað um að vera hægvirkt og afkastalítið. Það er vissulega hægvirkt og má reikna með lágmarks töf upp á sex mánuði til þriggja ára eða jafnvel lengri. Hvert einstakt kort fer í gegnum margar hendur og mistök eiga sér stað, sennilega eitthvað um 2%. Miðað við þann fjölda korta sem fer í gegnum kerfið og þá staðreynd að flest starfsfólk QSL stofanna eru sjálfbodaðar er ekki hægt að segja annað en að þau vinna oft stórkostlegt en jafnframt oft vanþakklátt starf.

Grein þessi, sem skrifuð er af Phil Whitchurch G3SWH, birtist í febrúar og mars heftum Breska amatörblaðsins RadCom 2002. Þýtt og lítillaga staðfært af TF5BW.

Nokkur orð frá eigin brjósti.

QSL stofu kerfið er ágætt þó það sé hægvirkt og við ættum að nota það fyrir sem flest þeirra korta sem við sendum þó ekki væri nema fyrir hvað það er ódýrt. Hinsvegar hafi maður ekki þolinmæði til að bíða þá er enginn önnur leið en að senda kortinn beint sem er miklu dýrara. Ég minnst þeirra tíma sem ég var hvað mest í loftinu og þegar einhver nýr birtist í loggnum þá hafði maður nú ekki þolinmæði til að bíða eftir því að fá kort frá honum í gegnum QSL stofuna heldur aflaði sér upplýsinga um heimilisfang eða QSL stjóra og sendi kort beint sem allra fyrst.

Í dag kostar 2.00 kr. að senda kort í gegnum QSL stofu ÍRA en ætli að það kosti ekki hátt í 200.00 kr. að senda kort beint. Af þessu má sjá að það er hægt að senda hátt í 100 kort um QSL stofuna fyrir hvert eitt sem maður sendir beint.

Ég geri mér fulla grein fyrir því að þýðingin á grein Phil gæti örugglega verið betri og ef menn rekast á einhverjar meinlegar villur í henni þá látið mig vita.

Brynjólfur Jónsson TF5BW

**Gjaldkeri
minnir
á félagsgjöldin**

425 DX News Eftirsóttustu 100 DXCC löndin 2002

Nr.	Forsk.	Land	Álfa
1	VP6D	Ducie Isl	OC
2	P5	North Korea	AS
3	VU4	Andaman & Nicobar Is.	AS
4	BS7	Scarborough Reef	AS
5	VU7	Laccadive Is.	AS
6	VP8SA	South Sandwich Is.	SA
7	7O	Yemen	AS
8	3YP	Peter I I.	SA
9	FRJ	Juan de Nova, Europa	AF
10	KP5	Desecheo I.	NA
11	KP1	Navassa I.	NA
12	KH1	Baker & Howland Is.	OC
13	VP8G	South Georgia I.	SA
14	FT8W	Crozet I.	AF
15	VP8O	South Orkney Is.	SA
16	YA	Afghanistan	AS
17	YV0	Aves I.	NA
18	FT8X	Kerguelen Is.	AF
19	ZS8	Marion Isl.	AF
20	KH7K	Kure I.	OC
21	3YB	Bouvet	AF
22	CE0S	San Felix & San Ambrosio	SA
23	FRG	Glorioso Is.	AF
24	TI9	Cocos I.	NA
25	KH9	Wake I.	OC
26	3C0	Pagalu I.	AF
26	ZL8	Kermadec Is.	OC
28	VK9M	Mellish Reef	OC
29	SY	Mount Athos	EU
30	VK0H	Heard I.	AF
31	FT8Z	Amsterdam & St. Paul Is.	AF
32	PY0T	Trindade & Martim Vaz	SA
33	PY0S	St.Peter & St. Paul	SA
34	T33	Banaba Isl	OC
35	CY0	Sable I.	NA
36	KH5	Palmyra & Jarvis Is.	OC
37	TN	Congo	AF
37	XF4	Revilla Gigedo	NA
39	FKC	Chesterfield Isl.	OC
40	ZK3	Tokelau Is.	OC
41	T31	C. Kiribati	OC
42	JD1M	Minami Torishima	OC
43	ST	Sudan	AF
44	VK9W	Willis I.	OC
45	T5	Somalia	AF
46	KH3	Johnston I.	OC
46	VK0M	Macquarie I.	OC
48	FOM	Marquesas I.	OC
49	BV9P	Pratas	AS
50	KH4	Midway I.	OC
51	1A0	Sov. Mil. Order of Malta	EU

Úr ýmsum áttum

Brynjólfur Jónsson TF5BW

Fundargerðir stjórnarfunda frh.

4. Rætt um undirbúning að NRAU fundi í sumar. Ákveðið að kalla TF3KB til viðræðna á laugardag ef hann er laus, samhliða vinnufundinum.


Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 23:00
Fundargerð ritaði TF3VS

Örlítill stormsveipur frh

Ýmsir hafa smíðað breytilegan sveiflufaka (VFO), auka hljódmagnara með styrkstilli, CW síu og eitt og annað enda upplagt að prófa hvaðeina sem mönnum dettur í hug. Hægt er að færa sig á milli tíðnisviða með því að skipta um krystallinn og breyta lághleypi síunni. Heyrst hafa merki frá þessum litla stormsveip á flest öllum HF tíðnisviðum sem amatörar nota. Hægt er að kreista út meira sendiafl ef notuð eru 12 Volt í staðinn fyrir 9 Volt en þá er ráðlegt að setja litla kæliplötu á seinni transistorinn. Ég stefni á að setja minn stormsveip, ásamt rafhlöðu, í litla öskju undan hálstöflum sem er 8 X 6 X 2 sm. og er ekki ónýtt að geta haft HF stöðina í brjóstvasanum og loftnets vírhönkina í rassvasanum. Minimalisminn lifir góðu lífi og dafnar vel þessa dagana og má segja að gott QSO með svona græju er með mestu skemmtun sem hægt er að njóta án þess að þurfa að fara úr fötunum.

73 de Niels J. Kristjánsson
TF3NJ/VA6NJ
Calgary, AB
Kanada

Vi Minore, Plus Gaudium



100 Eftirsóttustu frh.

52	S0	Western Sahara	AF
53	JD10	Ogasawara	AS
54	ZL9	Auckland & Campbell Is.	OC
55	3C	Equatorial Guinea	AF
56	FRT	Tromelin I.	AF
56	KH5K	Kingman Reef	OC
58	9U	Burundi	AF
59	S2	Bangladesh	AS
60	H40	Temotu Province	OC
61	FOC	Clipperton I.	NA
62	3D2C	Conway Reef	OC
63	3X	Guinea	AF
64	ZK2	Niue	OC
65	FOA	Austral I.	OC
66	ZD9	Tristan da Cunha & Gough	AF
67	HK0M	Malpelo I.	SA
68	C2	Nauru	OC
69	XZ	Myanmar	AS
70	4W	East Timor	OC
71	4U UN	United Nations HQ	NA
71	YI	Iraq	AS
73	T32	E. Kiribati	OC
74	CY9	St. Paul I.	NA
74	VP8SH	South Shetland Is.	SA
76	TY	Benin	AF
77	VK9X	Christmas I.	OC
78	T30	W. Kiribati	OC
79	ZK1N	N. Cook Is.	OC
80	E4	Palestine	AS
81	T2	Tuvalu	OC
82	9X	Rwanda	AF
82	TT	Chad	AF
82	VK9L	Lord Howe I.	OC
85	9N	Nepal	AS
86	9Q	Dem. Rep. of Congo	AF
87	R1MV	Malyj Vysotskij I.	EU
88	VK9C	Cocos-Keeling Is.	OC
89	EP	Iran	AS
90	3B6	Agalega & St. Brandon	AF
91	9L	Sierra Leone	AF
92	YK	Syria	AS
93	3D2R	Rotuma I.	OC
94	3B9	Rodriguez I.	AF
95	XU	Cambodia	AS
95	XW	Laos	AS
97	KH8	American Samoa	OC
98	R1FJ	Franz Josef Land	EU
99	7P	Lesotho	AF
100	E3	Eritrea	AF
100	JX	Jan Mayen	EU
100	V8	Brunei	OC

Heimild 425 DX News

Úr ýmsum áttum

Brynjólfrur Jónsson TF5BW

Rússar halda sig við morseið

Rússneska ríkjasambandið telur að það séu góðar ástæður fyrir Amatörradíóþjónustuna að halda sig við Morse sem kröfu til leyfis fyrir neðan 30 MHz og ætlar ekki að gera neinar breytingar á sínum leyfum.

Þeir hafa sagt ITU að þó að þeir styðji breytingar á ITU Radio Regulation s25 um hæfni radióamatöra þá áliti þeir að þar eigi Morse að vera inni.

Meðal ástæðna fyrir þessari afstöðu sé að megin munurinn á Amatörradíóþjónustunni og CB radiói sé Morse. Rússar halda því einnig fram að lækkun leyfiskrafna í ýmsum löndum hafi ekki leitt til áberandi fjölgunar radióamatöra og að í helstu radiókeppnum séu álíka margir sem noti Morse og SSB.

Þeir álíta að radióamatör, án Morse kunnáttu, sé “óþjálfður” og sé líklegri til að brjóta reglur þegar hann sé á HF böndunum. Þessu til viðbótar líta þeir á Morse sem árangursríkustu samskiptaleiðina í neyðartilfellum.

Stjórnarráð IARU samþykkti 8. október stuðning við niðurfellingu Morse sem kröfu til amatörprófs og sagði að þrátt fyrir að “... Morse haldi áfram að vera árangursrík og skilvirk aðferð til samskipta og sé notað af þúsundum radióamatöra þá sé Morse sem krafa til amatörprófs ekki lengur viðeigandi í uppbyggingu amatörradíós í framtíðinni”.

Þó að Rússar taki þarna minnihluta afstöðu þá er ekki víst að þeir verði þeir einu sem halda Morse inni sem kröfu til amatörleyfis eftir WRC 2003 þar sem afstaða margra landa til þess er ekki þekkt:

Þýtt og endursagt TF5BW

Endurvarpar

TF1RPB (Páll) í Bláfjöllum ætti að vara kominn í þökkalegt lag aftur en rafmagnsbilun í húsinu sem hýsir hann gerði það að verkum að lekaliði var sífellt að slá út. Reiknað er þó með að flytja endurvarpann í annað hús á þessum stað.

TF3RPC (Smali) Hefur verið fluttur í nýtt QTH að Furugerði 1 í Reykjavík.

Staðsetningin er N 64°07'31" og V 021°52'59" 48m hæð yfir sjávarmáli og um 33m hæð frá jörðu og Locatorinn er HP94CB. Ástæðan fyrir þessum flutningi eru vaxandi truflanir frá útvarpssendum á Rjúpnahæð og verður þessi flutningur vonandi til þess að betri nýting fái út úr endurvarpanum.

Við prófanir eftir uppsetningu kemur í ljós að þessi

CQ TF maí 2002

staðsetning virkar vel. Endurvarpinn næst vel austur fyrir Hellisheiði, á Suðurnesjum og upp fyrir Hreðavatn í Borgarfirði fyrir utan að notkun hans í Reykjavík hefur batnað til muna.

Krossbanderinn á Þrándarhlíðarfjalli í Skaga-firði hefur verið tekin niður.

Radíóviti á 2 m

Búið er að setja upp radíóvita á 2 metrum og er kallmerki hans TF3VVV. Hann sendir út TF3VVV QTH HP94BC með bæði mótuðu og ómótuðu merki. Aflið er u.þ.b. 18W ERP og locatorinn er HP94BC. Tíðni eins og er er 144,975 Mhz og sendir hann mæði mótað og ómótað merki. Það stendur til að breyta tíðni í 144,640 Mhz þegar nýr kristall kemur. Staðsetning Rúpnahæð.

Heilmild TF3GW

Romba

Stæsta “Romba” landsins, sem var á Rjúpnahæð, var felld í byrjun febrúar. Þetta loftnet var í um 40 metra hæð frá jörðu og um 200 metrar á lengd.

Áður en loftnetið var fellt notaði TF3DX það lítilla úr bíl sínum til sambanda aðallega til Nýja Sjálands og Ástralíu.

Upprunaleg notkun loftnetsins var stuttbylgju SSB símalinkur til Englands.

Heimild TF3DX/TF3GW

Loggar á netinu

5H3/IK2GZU

<http://www.hamlan.org/bsdX/logseqsl.htm>

J3/F4TVY <http://www.mdxc.org/f4tvy>

PW0T <http://www.trindade2002.com/>

TF/SM1TDE <http://dx.qsl.net/logs/index.html>

TI9M <http://www.qsl.net/ti9m/logs/search.html>

YA5T <http://www.ve9dx.com/ya5t/ya5t.html>
(17,328 QSOs updated through 5 March 2002 at 02:14 UTC)

V31YN <http://www.qsl.net/dj4kw>

7X0DX <http://www.7x0.sp5zcc.waw.pl/>

H7DX <http://www.qsl.net/dl7cm/nicaragua.htm>

XV3C (AS-162)

<http://www3.ocn.ne.jp/~iota/newpage25.htm>

Niger 2002

<http://www.qsl.net/niger-2002/log.htm>

(5U1A, 5U4R, 5U6W, 5U8B, 5U9C and 5U0T)

Heimild 4525 DX News

Aðalfundur ÍRA 2002

Aðalfundur ÍRA

Verður haldinn í Þróttheimum

(Verði annað ekki auglýst)

Laugardaginn 11. maí 2002 kl. 14.00

**Fundarefni:
Venjuleg aðalfundarstörf
Önnur mál**

Félagar ÍRA eru hvattir til að fjölmenna

Stjórn ÍRA



CQ TF

ER FÉLAGSBLAÐ ÍSLENSKRA RADÍÓAMATÖRA